

59

20. apríl

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 72 4. maí 1948, um breyting á reglugerð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallgöngur og fjárskil, nr. 35 16. apríl 1934.

1. gr.

Í stað orðanna „20. september“ í 3. gr. reglugerðarinnar komi: mánudaginn í 22. viku sumars.

2. gr.

2. mgr. 10. gr. orðist svo:

Þeir, sem flytja inn í sýsluna eða taka upp ný mörk milli þess, sem markaskrá er prentuð, skulu, er þeir hafa fengið leyfi markadóms fyrir markinu, auglýsa það fyrir fjallskilastjórum.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. apríl 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

60

25. apríl

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Búnaðarsambands Strandamanna“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Verðlaunasjóðs Búnaðarsambands Strandamanna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Búnaðarsambands Strandamanna.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er að upphæð kr. 1254.03, og er hluti Strandasýslu úr Verðlaunasjóði Búnaðarsambands Vestfjarða, sem myndaður var af amtsjóðsleifum Strandasýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu, og afhentur var 31. des. 1909, og að viðbættum kr. 2616.08 úr Búnaðarsjóði, eða samtals kr. 3870.11.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna fyrirmyndar búnaðarframkvæmdir á sambandssvæðinu. Skal það gert eftir ábendingu trúnaðarmanns og stjórnar sambandsins, og með samþykki aðalfundar búnaðarsambandsins. Verðlaunin skulu vera heiðursskirteini, sem stjórn sambandsins skal ávallt sjá um að séu fyrirbyggjandi, eða verðlaunagripir, sem stjórnin lætur gera eftir fyrirmælum aðalfundar.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og séu vextir ekki notaðir að fullu, leggist afgangur þeirra við höfuðstólinn. Sjóðinn skal ávaxta í banka eða öðrum tryggum sjóðum eða verðbréfum.

60

25. apríl

5. gr.

Sambandsstjórnin semur árlega reikning fyrir sjóðinn. Skal hann fylgja aðalreikningum sambandsins til endurskoðenda og sæti allri sömu meðferð.

6. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari eru háðar sömu reglum og lög sambandsins.

7. gr.

Nú er búnaðarsambandið rofið, og skal þá sjóðurinn, ásamt því, sem hann hefur aukizt, afhendast sýslunefnd Strandasýslu til umsjónar.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi er hún hefur verið samþykkt á aðalfundi sambandsins og af sýslunefnd Strandasýslu.

G J A L D S K R Á

61

25. apríl

fyrir vatnsveitu Stórólshvolshverfis í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Af öllum íbúðarhúsum, sem vatn er leitt til frá vatnsveitunni, skal greiða vatnsskatt árlega þannig:

15% af fasteignamatsverði húsa, allt að kr. 30000.00, og 10% af því, sem umfram er.

Vatnsskattur má þó aldrei vera lægri en kr. 200.00. Séu 2 eða fleiri fjölskyldur (íbúðir) í sama húsi skal vatnsskattur eigi lægri en kr. 200.00 fyrir hverja eina.

2. gr.

Skattur fyrir atvinnufyrirtæki og aðra, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilis- og búsparfa, skal ákveðinn með samningi við hreppsnefnd Hvolhrepps.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu, sem skatti eða skattauka svarar, þótt hún (húsaleigan) hafi áður verið ákveðin.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. maí ár hvert fyrir yfirstandandi almanaksár.

5. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi húseignum næstu tvö árin eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.